

BORGARRÁÐ 1. desember 2016: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samráð við aðgerðahóp foreldra í Grafarholti og Úlfarsárdals um samninga við Fram - R13100424

Lagt er til að fulltrúar Reykjavíkurborgar í samningaviðræðum við Knattspyrnufélagið Fram vegna uppbyggingar íþróttaaðstöðu taki upp viðræður við „Áfram“, aðgerðahóp foreldra í Grafarholti-Úlfarsárdal og veiti þeim allar upplýsingar um stöðu mála. Umræddur hópur hefur mikilla hagsmuna að gæta í málinu og vill leggja sitt af mörkum til lausnar þess.